

Laugardaginn 31. október 1953.

Nr. 5/1953.

**Alpýðusamband Íslands f. h. Verkakvanna-
félagsins Framtíðarinnar, Hafnarfirði**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnu-
veitendafélags Hafnarfjarðar og Garðahrepps
vegna Jóns Gíslasonar**

(Barði Friðriksson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Kjarasamningar. Leyst úr ágreiningi um launagreiðslur og
vinnustundafjölda.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 7. þ. m.
af Alpýðusambandi Íslands f. h. Verkakvannafélagsins Fram-
tíðarinnar í Hafnarfirði gegn Vinnuveitendasambandi Ís-
lands f. h. Vinnuveitendafélags Hafnarfjarðar og Garða-
hrepps vegna Jóns Gíslasonar útgerðarmanns í Hafnarfirði.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 3. gr. kjarasamnings, dags. 25. maí 1951, milli
Verkakvannafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði og vinnu-
veitenda í Hafnarfirði, er svo um samið, að á tímabilinu
frá 1. maí til 30. september skuli dagvinnu lokið kl. 12
á hádegi á laugardögum, en heimilt sé að hefja vinnu kl.
7.30 árdegis á þessu sama tímabili og skuli sú vinna greidd
venjulegu dagvinnukaupi. Jafnframt er svo um samið, að
vinna, sem unnin er eftir hádegi á laugardögum á nefndu
tímabili, skuli greidd með helgidagakaupi. En samkvæmt
1. gr. sama samnings er almennur vinnudagur frá kl. 8—17.
Fastir matmálstímar í allri vinnu eru kl. 12—13 og kl. 19—20,
og kaffitími frá kl. 9—9.30 og kl. 15—15.30. Sé unnið á þess-
um tímum, skal greiða tvöfalt dagvinnukaup.

Stefnandi kveður, að einstöku atvinnurekendur í Hafnar-
firði noti heimild 3. gr. nefnds kjarasamnings til þess að hefja

vinnu kl. 7.30 að morgni á tímabilinu frá 1. maí til 30. september, þar á meðal Jón Gíslason útgerðarmaður og ljúki vinnu hjá honum kl. 12 á hádegi á laugardögum. Hins vegar greiði hann aðeins fyrir 47 klst. vinnuviku. Þetta telur stefnandi vera rangt. Heldur hann því fram, að með því að vinna $\frac{1}{2}$ stundar næturvinnu, þ. e. frá kl. 7.30 til 8 árdegis 6 daga vikunnar, hafi verkakonurnar öðlzt rétt til kaups fyrir 48 vinnustundir, þegar þær hafa unnið venjulegan vinnutíma alla daga vikunnar. Verkakonurnar séu með þessu fyrirkomulagi að vinna af sér síðari hluta laugardagsins og eigi því einskis að missa í kaupi, þó vikulegar vinnustundir með þessu fyrirkomulagi verði að vísu ekki nema 47. Sú regla hafi líka alltaf gilt hjá atvinnurekendum í Hafnarfirði, að greitt væri fyrir 48 stundir umrætt tímabil, þó ekki væri unnið nema 47, þar til Jón Gíslason hafi í lok s.l. maímánaðar tekið upp þá reglu að greiða aðeins fyrir 47 klst. Þetta telur stefnandi rangan skilning á 3. gr. framangreinds kjarasamnings, enda sé 48 stunda vinnuvika grundvallaratriði í samningum verkamanna og atvinnurekenda.

Samkvæmt þessari skoðun sinni gerir stefnandi þær dómkröfur í málinu, að dæmt verði, að skilja beri ákvæði 3. gr. nefnds kjarasamnings frá 25. maí 1952 svo, að verkakonur hafi öðlzt rétt til kaups fyrir 48 dagvinnustundir kl. 12 á laugardögum tímabilið frá 1. maí til 30. september, enda hafi þær byrjað vinnu kl. 7.30 árdegis alla daga vikunnar og unnið til kl. 5 síðdegis aðra daga en laugardaga. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Mótmælir hann því, að skýra beri 3. gr. oftnefnds kjarasamnings á þann veg, er stefnandi heldur fram, og heldur því fram, að samningurinn feli ekki í sér nein ákvæði, er skyldi atvinnurekendur til þess að greiða kaup fyrir 48 stundir, þegar ekki er unnið nema 47 stundir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

Það mun að vísu almennast í kjarasamningum verkafólks og vinnuveitenda, að miðað sé við 48 dagvinnustundir vikulega, og til þess bendir það upphafsákvæði 1. gr. kjara-

samnings þess, er hér ræðir um, þar sem segir, að almennur vinnudagur sé frá kl. 8—17. Hinsvegar eru ákvæði 3. gr. um dagvinnuna á tímabilinu 1. maí til 30. september með þeim hætti, að ekki verður talið, að þau feli í sér skyldu fyrir atvinnurekendur til þess að greiða á nefndu tímabili 48 stunda dagvinnukaup fyrir 47 stunda vinnu. Ekki hafa heldur komið fram sannanir fyrir því, að það hafi verið forsenda af hálfu verkakvinnafélagsins, er samningar voru gerðir, að gegn 3 stunda vikulegri vinnu á tímabilinu kl. 7.30—8 árdegis skyldi koma greiðsla fyrir 4 dagvinnustundir, þrátt fyrir það skýlausa ákvæði 3. gr., að þessi vinna skyldi greiðast venjulegu dagvinnukaupi.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að það hafi undanfarin ár verið föst venja hjá vinnuveitendum í Hafnarfirði að greiða kaup fyrir 48 stundir, er svo stóð á, sem um ræðir í máli þessu, og að Jón Gíslason hafi fyrst breytt út af þeirri reglu í s.l. maí eða júní. Gegn eindregnum mótmælum stefnda verður ekki talið, að gögn hafi komið fram fyrir því, að svo algild regla hafi ríkt um framkvæmd þessa atriðis í Hafnarfirði, að skylda stefnda til kaupgreiðslu með þeim hætti, er stefnandi heldur fram, verði byggð á venju. Er því ekki hægt að taka til greina þá kröfu stefnanda, að 3. gr. kjarasamningsins verði skýrð á þá leið, sem hann hefur krafizt. Hins vegar þykir sýnt, að þegar vinnu lýkur kl. 12 á laugardögum á tímabilinu frá 1. maí til 30. september og vinna hefur hafizt kl. 7.30 alla daga vikunnar og skilyrði til greiðslu fulls dagvinnukaups alla daga vikunnar eru fyrir hendi, þá eigi verkakonur rétt til 12 vikulegra kaffitíma samkvæmt 1. gr. samningsins. Af þessu leiðir, að ef fullnægt er framangreindum skilyrðum, hafa verkakonur þegar unnið sem svarar síðari laugardagskaffitímanum. Eiga þær þá rétt til ½ stundar aukakaups samkvæmt ákvæðum 1. gr. samningsins og eiga því í vikulok að fá kaup fyrir 47½ dagvinnustund.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Þegar vinna hjá stefnda, Jóni Gíslasyni, hefst kl. 7.30 árdegis alla daga vikunnar og lýkur kl. 12 á hádegi á laugardegi og vinna aðra daga vikunnar hefur verið með þeim hætti, að skylt er að greiða fulla dagvinnutíma, ber honum í vikulok að greiða félagskonum í Verkakvinnafélaginu Framtíðinni 47½ stundar dagvinnukaup.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Hafnarfjarðar og Garðahrepps vegna Jóns Gíslasonar greiði stefnda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Framtíðarinnar, Hafnarfirði, kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Í samningum allmargra stéttarféлага, einkum þeirra fjölmennustu, er ákvæði um sérstaka tilhögun vinnu yfir sumartímamann, þar sem svo er ákveðið, að vinnu skuli lokið um hádegi á laugardögum.

Orðalag þessa ákvæðis mun ekki vera nákvæmlega eins í öllum samningunum en merkja, að fullri vinnuviku skuli lokið yfir þetta tímabil frá hádegi á laugardögum, enda muni vinna hafin fyrr að morgni dag hvern á þessu tímabili. Reglan mun sú, að greiðsla vinnulauna fyrir fulla vinnuviku sé yfir þetta tímabil hin sama og á öðrum tímum árs, þ. e. að greiddar eru 48 dagvinnustundir.

Í samningum Verkakvinnafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði við atvinnurekendur þar, eru skýr ákvæði um sérstakan sumarvinnutíma frá 1. maí til 30. sept. ár hvert.

Það liggur í augum uppi, að tilgangur þessa ákvæðis í samningum félagsins á ekki að þýða minna kaup fyrir vinnuvíkuna yfir þetta tímabil en aðra tíma árs, enda hefur komið fram undir rekstri málsins, að ýmsir atvinnurekendur í Hafnarfirði hafa greitt og greiða konum fyrir slíka vinnuviku 48 stundir, eins og þeir greiða körlum.

Ennfremur hefur það upplýstst við rekstur málsins, að stefndi hefur greitt vinnuvíkuna þannig allt fram í s.l. maímánuð.

Með tilliti til þess að ég lít svo á, að á þessu tímabili sé fullri vinnuviku lokið um hádegi á laugardag, tel ég að taka beri dómkröfur stefnanda til greina, og er dómsorð mitt samkvæmt því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Hafnarfjarðar og Garðahrepps vegna Jóns Gíslasonar útgerðarmanns í Hafnarfirði, skal á tímabilinu 1. maí til 30.

sept skyldur til að greiða verkakönunum, er vinna fulla vinnuviku, þ. e. frá kl. 7.30 f. h. til 5 síðdegis nema laugardaga, þá til kl. 12 á hádegi, kaup fyrir 48 dagvinnustundir.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1953.

Nr. 8/1952.

**Alpýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags
Akraness vegna skipverja á m/b Keili, Ak 92**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Haralds Böðvarssonar & Co.**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Fiskveiðar: Skorið úr ágreiningi um rétt sjómanna til kauptryggingar.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 3. nóvember f. á. af Alpýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness vegna skipverja á m/b Keili, Ak 92, gegn Landsambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Haralds Böðvarssonar & Co.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að stefnda sé skylt að greiða skipverjunum Hauki Ólafssyni, Jóni Pálsyni, Ingimundi Leifssyni, Reyni Halldórssyni og Þórði Guðmundssyni, er voru skipverjar á m/b Keili Ak 92, í október 1951, kauptryggingu samkvæmt 9. gr. kjarasamnings frá 10. júní 1949, dagana 5.—18. október 1951, að báðum meðtöldum. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 10. júní 1949 var undirritaður kjarasamningur milli